

6. gr.

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar nóv.-des. 1975 sem var 1986 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í van-skilum er, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskamti skulu greiða eftir áætl-uðum hámarksskamti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 320 10. júlí 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld B í Akraneskaupstað.****1. gr.**

Bæjarstjórn Akraness leggur gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og til frágangs gangstétta.

3. gr.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúm-
metra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.1%
Fjölbýlishús 6 íbúðir eða fleiri	0.3%
Önnur íbúðarhús	0.7%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	0.9%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsn.	0.5%
Opinberar byggingar	1.1%

Af kjöllurum, bifreiðageymslum og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, skal greiða hálf gjald. Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 20.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal ætíð, við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, 75% gjaldsins greiðast þegar lagning varanlegs slitlags fer fram og miðast við þá byggingarvísitölu sem þá er í gildi. 25% gjaldsins greiðast þegar frágangi gangstéttar er lokið og miðast það við byggingarvísitölu, sem þá er í gildi.

5. gr.

Bæjarráð setur nánari reglur um gjalddaga og tekur ákvörðun um gjaldfrest. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugreð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.